



375. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 2. febrúar 2011. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Þráinn Bertelsson, Sigurður I. Jóhannsson, Valgerður Bjarnadóttir, Helgi Hjörvar, Árni Johnsen, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir boðaði forföll.

Þetta gerðist:

1. Fjárhagslegt uppgjör ársins 2010

Rekstrartap ársins hljóðar upp á 19.6 mkr., og er innan þeirra marka sem heimilað var sem voru 20 milljónir.

2. Rekstraráætlun 2011

Rekstraráætlun 2011. Gert er ráð fyrir að halli ársins 2010 verði greiddur upp að fullu á þessu ári. Helstu breytingar á útgjaldaliðum í rekstraráætlun frá fyrra ári;

Launakostnaður eykst á árinu, ráðnir verða tveir starfsmenn aukalega yfir sumartímamann m.a. vegna aukinna verkefna og uppsagnar á ræstingaþjónustu.

Þjónusta, hækkun á lið sem rekja má til kostnaðar vegna hugmyndasamkeppni.

Húsnæði, umtalsverð lækkun milli ára þar sem kostnaðarsömum framkvæmdum er lokið.

Eignakaup, töluverð hækkun sem skýrist af kaupum á búnaði fyrir nýja bókabúð á Haki, nýjum bíl og gjaldtökuhliðum.

Sértekjur hækka milli ára, sem skýrist aðallega af hækkun lóðarleigu innan þjóðgarðsins.

3. Gjaldtökumál

Á komandi sumri verða tvö ný snyrtihús með 18 salernum tekin í notkun á Hakinu á Þingvöllum. Þessi aðstaða uppfyllir ströngustu kröfur um umhverfisvernd og hreinsun fráveituvatns innan þjóðgarðsins og stórbætir þjónustu við gesti en eykur um leið rekstrarkostnað.

Þingvallanefnd samþykkir að tekið verði gjald fyrir veitta þjónustu og að komið verði upp viðeigenda búnaði í því skyni. Þjónustugjald verði kr. 200 fyrir hvern fullorðinn einstakling en gjaldfrjálst verði fyrir börn 17 ára og yngri. Í þjóðgarðinum eru önnur salerni sem hægt er að nota endurgjaldslaust.

Þráinn Bertelsson situr hjá við atkvæðagreiðslu.

Þingvallanefnd samþykkir að ganga að tilboði Icelux um gjaldtökuhliðin. Hliðin eru sjálfvirk og verður bæði hægt að greiða með 50 og 100 kr. myntum. Kostnaður við hliðin og uppsetningu verður um 3 mkr. að viðbættum rekstrarkostnaði og er áætlað að tekjur geti orðið 6 mkr. miðað við að 30.000 manns greiði þjónustugjald.

4. Erindi

Stórsaga. Lagt fram afrit af bréfi Kristbjörns H. Björnssonar, framkvæmdastjóra Stórsögu, til Landbúnaðarráðuneytisins. Stórsaga óskar eftir að taka á leigu jörð í eigu ríkisins innan Bláskógabyggðar.

Neðristígur 2, í landi Kárastaða. Lagður fram tölvupóstur dags. 18.1.2011 þar sem Helgi K. Pálsson óskar eftir að Þingvallanefnd falli frá forkaupsrétti sínum og ofangreindur verði einn skráður lóðarleiguhafi í leigusamningi við þjóðgarðinn. Samþykkt.

Umsókn um rekstur ferðamannabáts með botnsjá. Snæbjörn Ólafsson og Gissur Baldursson sækja um leyfi til reksturs ferðamannabáts með botnsjá í þeim hluta Þingvallavatns sem tilheyrir þjóðgarðinum. Stefnt er að því að báturinn verði fullhannaður og smíðaður á Íslandi. Báturinn verður smíðaður úr trefjaplasti og knúinn rafmótorum.

Samþykkt að fela þjóðgarðsverði að leggja fram umsögn varðandi rekstur slíks báts á Þingvallavatni. Þar komi m.a. fram hvaða aðstöðu þarf fyrir slíkan bát og hvar hún ætti að vera, öryggismál, bensínflutningur, hvert aðstöðugjald eigi að vera, hvaðan rafmagn verði tekið, geymsla á bátnum o.s.frv.

Landssamband hestamanna óskar eftir að Þingvallanefnd framlengi til 10 ára samning um starfsemi í Skógarhólum. Í dag er þar starfsrækt gisting og aðstaða fyrir hross, en öll aðstaða þar orðin afar bágborin og á undanþágu frá tilskyldum yfirvöldum. Endurnýjaður leigusamningur er forsenda fyrir því að LH ráðist í uppbyggingu á Skógarhólum.

Samþykkt að fela þjóðgarðsverði að framlengja samning við LH til 10 ára með sömu skilyrðum og fram koma í bréfi og samþykkt Þingvallanefndar frá 19. des. 2005, m.a. að stjórn LH beri ábyrgð á því að við ákvæði samningsins sé staðið; rekstrarforsendur þjónustunnar skulu kynntar og samþykktar af Þingvallanefnd; sé ætlunin að ráðast í framkvæmdir í Skógarhólum, skal slík áætlun einnig kynnt Þingvallanefnd til samþykktar.

5. Lóðarleigusamningar – staða.

Allir lóðarleigusamningar innan þjóðgarðsins runnu út þann 31.12.2010. Lóðirnar eru 89 og hefur í dag verið gengið frá 68 samningum.

Lóðarleiguhafar í landi Gjábakka ofan vegar settu svohljóðandi fyrirvara í sína samninga; „Af hálfu leigutaka er gerður fyrirvari um lögmæti 8. mgr. 4. greinar samningsins varðandi að rafmagn skuli ekki vera veitt frístundahúsum í landi Gjábakka með sama hætti eins og í öðrum frístundahúsum í þjóðgarðinum á Þingvöllum.“

Nokkrir lóðarleiguhafar í landi Kárastaða settu svohljóðandi fyrirvara í sína samninga; „Með fyrirvara vegna lóðarleigu og réttarstöðu skv. lögum nr. 75/2008 um frístundabyggð.“

Þingvallanefnd samþykkir að veita þjóðgarðsverði og lögmanni nefndarinnar í samráði við formann heimild til að framlengja þá lóðarleigusamninga sem enn eru ófrágengnir meðan unnið er að samningsgerðinni. Framlengingin nær til 30. júní 2011. Lóðarleigusamningar sem gerðir eru á því tímabili skulu hafa sama gildistíma og aðrir þ.e. til 31. des. 2021.

6. Afgreiðslur milli funda

Nefndarmenn í Þingvallanefnd samþykktu eftirfarandi tvær tillögur í tölvupósti þann 29. des. 2010:

„Vísað er til beiðna Starfsmannafélags Seðlabanka Íslands, leigutaka að Víkurvegi nr. 12 (dags. 13. des. 2010) og Starfsmannafélags Íslandsbanka, leigutaka að Víkurvegi 3 (dags. 20. des. 2010) um undanþágu frá ákvæði lóðarleigusamning um að leigutakar skuli vera einstaklingar. Þingvallanefnd samþykkir beiðnir starfsmannafélaganna enda eru húsin í þeirra eigu við endurnýjun lóðarleigusamnings.“

„Þingvallanefnd samþykkir að framlengja frest til að ganga frá endurnýjun lóðarleigusamninga í þjóðgarðinum á Þingvöllum til 31. janúar 2011 í þeim tilfellum sem ekki næst að ganga frá endurnýjun fyrir 31. des. 2010. Lóðarleigusamningar sem gerðir eru á því tímabili skulu hafa sama gildistíma og aðrir þ.e. til 31. des. 2021.“

7. Önnur mál

Kárastaðir. Árni Johnsen tók upp mál um boð afkomanda fyrrum ábúenda á Kárastöðum um að afhenda ríkinu til eignar og viðeigandi notkunar, gamla íbúðarhúsið að Kárastöðum. Árni var komin með verð í viðgerðir á húsinu sem hljóðuðu upp á 25-26 mkr. fyrir að loka húsinu, glerja, setja nýtt þak og múra það að utan.

Þingvallanefnd samþykktu eftirfarandi á fundi nefndarinnar þann 15. sept. 2010: „Þingvallanefnd hefur nú endurmetið stöðuna og telur sýnt að fjárveitingar nefndarinnar á næstu árum duga vart til annars en að sinna brýnustu verkefnum innan þjóðgarðsins. Þingvallanefnd þakkar afkomendum fyrrum ábúenda á Kárastöðum þann góða hug sem að baki hugmyndinni býr, en telur sér ekki fært að þiggja hana og endurreisa bæinn eins og vert er.“

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00.